



SASS
SAMTÖK
SUNNLEUSKRA
SVEITARFÉLAGA

**Fundargerð 2.fundar Farsældarráðs Suðurlands haldinn á Teams þann 9.apríl 2026
kl. 14:00.**

Mætt: Heiða Ösp Kristjánsdóttir, Silja Rós Guðjónsdóttir, Erna Harðar Sólveigardóttir, Jóhanna Margrét Hjartardóttir, Þórgunnur Torfadóttir, Ólafur Örn Oddsson, Halldóra G. Helgadóttir, Karl Hallgrímsson, Elísabet Gunnarsdóttir, Matthildur E. Vilhjálmsson, Dagný H. Hróbjartsdóttir, Helga Lind Pálsdóttir, Sigrún Helgadóttir, Svava Davíðsdóttir, Óttar Guðlaugsson, Rakel Magnúsdóttir, Kolbrún Haraldsdóttir og Arna Ír Gunnarsdóttir sem ritar fundargerð.

Arndís Bára Ingimarsdóttir, Bryndís Lára Hrafnkelsdóttir, Anný Ingimarsdóttir, Baldvina Ýr Hafsteinsdóttir, Kristín Hreinsdóttir og Eva Karen Friðriksdóttir boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Framkvæmdahópur Farsældarráðs - 1.fundur

Verkefnastjóri segir frá 1.fundi framkvæmdahóps farsældarráðs og leggur fundargerð fundarins fram til kynningar. Á fundi framkvæmdahópsins kom eftirfarandi m.a. fram;

- ákveðið rof er á aðgengi að tengiliðum á sumrin þegar skólar eru ekki starfandi. Það þarf að skilgreina tengiliði farsældar í sumarþjónustu sveitarfélaga við börn og ungmenni eins og í sumarfrístund, vinnuskóla, flakkandi félagsmiðstöð o.sv.frv.
- frístundageirinn hefur setið eftir þegar kemur að farsæld barna. Þar þarf að grípa til aðgerða.
- Mikilvægt að styrkja íþróttahreyfinguna í hlutverki sínu þegar kemur að farsæld barna.

Fundargerðin framkvæmdahópsins er á Teams svæði Farsældarráðs undir fundargögnum 2.fundar.

2. Tillaga til þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaáætlun um farsæld barna til ársins 2030.

Verkefnastjóri fer yfir þingsályktunartillögu um stefnu og framkvæmdaáætlun um farsæld barna til ársins 2030. Mennta- og barnamálaráðherra mælti fyrir

Þingsályktunartillögum þann 6. mars sl. og innihald stefnunnar er eitt af því sem aðgerðaráætlanir farsældarráðanna eiga að byggja á.

3. Erindi til ungmennaráða – til kynningar

Verkefnastjóri hefur sent starfsfólki ungmennaráða á Suðurlandi erindi og óskað eftir að ungmennaráðin fjalli um þær. Eftirfarandi spurningar voru sendar ungmennaráðunum:

1. Hverjar eru helstu áskoranir barna- og ungmenna í ykkar nærumhverfi/sveitarfélagi?
2. Hvaða ákall hafið þið til þess að bæta aðstæður barna- og ungmenna í sveitarfélaginu?
3. Hvaða leiðir sjáið þið í átt að aukinni samvinnu/samstarfi á milli stofnana/sveitarfélaga sem geta bætt stöðu barna- og ungmenna?
4. Er eitthvað annað sem þið viljið koma á framfæri varðandi bættu stöðu eða aukna farsæld barna- og ungmenna?

Svör hafa þegar borist frá fjórum ungmennaráðum og verður spennandi að sjá niðurstöður þeirra eftir því sem fleiri svör berast.

4. Kynning á farsældarviku á Höfuðborgarsvæðinu

Verkefnastjóri segir frá farsældarviku sem Farsældarráð Höfuðborgarsvæðisins stóð fyrir í mars mánuði undir yfyrskriftinni „Samvinna í þágu barna“. Markmið vikunnar var að undirstrika mikilvægi samstillts átaks allra þeirra sem starfa með börnum og ungmennum og varpa ljósi á þá jákvæðu þróun sem orðið hefur í kjölfar farsældarlaganna. Afar fjölbreytt vinna fór fram í sveitarfélögunum og hjá þjónustuaðilum ríkisins en m.a. voru haldnar vinnusmiðjur tengiliða, kynningar á grunnstoðum farsældar, fjölmennningarleg farsæld, fræðsla til forsjáraðila og barna, hádegiserindi á Teams á vegum Geðheilsumiðstöðvar, fræðsla til íþróttafélaga, tengiliðir í framhaldsskólum upplýstu um sitt hlutverk og lögregla lagði áherslu á hlutverk sitt gagnvart börnum og fjölskyldum í viðkvæmum aðstæðum og fjölmargt fleira.

Fulltrúar í Farsældarráði Suðurlands eru sammála um að stefna að því að haldin verði farsældarvika á Suðurlandi í haust, í október eða nóvember.

5. Umræða um verkefni frá síðasta fundi

Verkefnastjóri óskaði eftir á fyrsta fundi farsældarráðs að fulltrúar í ráðinu ræddu við sína samráðshópa eftirfarandi spurningar:

- Hverjar eru stærstu áskoranir barna sem þið upplifið sem þjónustuveitendur?
- Hvaða ákall hafið þið til annarra þjónustuveitenda?
- Hvaða tækifæri sjáið þið í aukinni samvinnu í gegnum farsældarráðið?

Eftirfarandi punktar komu fram í umræðu um spurningarnar:

- Lítið aðgengi að sérfræðingum
- Löng bið eftir þjónustu fyrir börn með taugaproskaraskanir/taugafjölbreytileika
- Skortur á almenningssamgöngum
- Vantar meiri fjölbreytni í frístundatilboð fyrir þá sem eru ekki að æfa íþróttir
- Þurfum aukna meðvitund í hjá félagasamtökum og foreldrum um mikilvægt hlutverk þeirra í inngildandi samfélögum
- Skortur á viðeigandi þjónusta við fötluð börn og ungmenni í dreifbýlinu
- Áskorun að fræða og upplýsa forráðamenn um farsældina
- Skortur á fjármagni í úrræði á vegum ríkis og sveitarfélaga
- Áskorun að virkja foreldra meira með okkur
- Að takast á við gaurahegðun á miðstigi
- Aðstoð/ráðgjöf til sveitarfélaga/stofnana við að nýta sér niðurstöður rannsókna/kannana
- Sálfræðiþjónusta fyrir framhaldsskólanema
- Innri áskoranir – að kerfið hökti ekki innan sveitarfélaganna – að verklagið gangi upp og allir séu meðvitaðir um sín hlutverk
- Ytri áskoranir – skortur á úrræðum gerir það að verkum að mál þyngjast á biðtíma
- Tening við íþróttahreyfingu þarf að verða betri
- Skortur á miðlægu gagnakerfi
- Samstarfið við og aðkoma heilsugæslu/skólahjúkrunar er brú sem þarf að styrkja
- Landfræðileg sérstaða – mikil fjarlægð frá miðlægri sérfræðiþjónustu

Tækifæri með farsældarráðum

- Sameiginleg farsældarvika
- Sameiginleg forvarnaráætlun

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:45.

Arna Ír Gunnarsdóttir
Verkefnastjóri farsældarráðs